



Þema 2. bekkur

Líkaminn

Hæfniviðmið	Leiðir að hæfniviðmiðum/kennari	Leiðir að hæfniviðmiðum/nemandi	Námsmat
<p>Að nemandi:</p> <p>Reynsluheimur Þekki og fái skilning á því hvernig líkaminn virkar. Geti útskýrt mikilvægi hreyfingar, hreinlætis, hollrar fæðu og svefns Geti útskýrt á einfaldan hátt hvernig barn verður til og þekkir einkastaði líkamans Geti útskýrt á einfaldan hátt byggingu og starfsemi mannlíkamans Geti bent á skaðleg efni og hvernig ýmsir sjúkdómar og sýklar eru smitandi</p> <p>Hugarheimur Geti gert sér grein fyrir þörf sinni fyrir næringu, hvíld, hreyfingu og hreinlæti</p> <p>Félagsheimur Áttað sig á ýmiss konar afleiðingum athafna sinna Geti tekið þátt í samstarfi og samræðu í jafningjahópi</p>	<p>Stuðst er við ýmsar fræðslubækur um líkamann. Myndefni og fræðsluefni af veraldarvefnum skoðað.</p> <p>Innlagnir þar sem lesin er texti úr <i>bókum, af blöðum</i>, horft á myndir á skjávarpa, umræður með nemendum og verkefni unnin út frá því.</p>	<p>Nemendur hlusta á fræðslu, horfa á kvikmyndir og ræða saman.</p> <p>Nemendur vinna við ritun og lesskilning, vinna með málshætti, gera persónulýsingar, sóknarskrift, rita um vináttu, gera vinaskjöl, skrifa sögu eða stutta frásögn.</p> <p>Nemendur teikna sig sjálf á blað og eftir eigin spegilmynd, teikna fjölskyldur sínar, gera ættartré og vinna mynd af húsi sínu og umhverfi.</p> <p>Unnið er sameiginlegt súlurit.</p> <p>Unnið samvinnuverkefni með leikræna tjáningu, sýna mismunandi svipbrigði.</p> <p>Farið í vettvangsferð um hverfið.</p>	<p>Frammistöðumat þar sem er metið: Vinnusemi, samvinna og vandvirkni.</p>